

Stjórnarfundur nr. 4

7. október 2013 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Delia Kristín Howser, Ólafur E. Jóhannsson, Arninbjörn Friðriksson og Guðmundur A Guðmundsson. Brynja Tomer boðaði forföll. Fríður Esther Pétursdóttir, framkvæmdastjóri ritar.

## 1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Framkvæmdastjóri ásamt formanni fór á FCI fund í Genf 2.september sl. Fundurinn var virkilega áhugaverður og mun

framkvæmdastjóri ásamt formanni kynna fundagerð fundarins á næsta fundi. Heildarkostnaður vegna þessa ferðalags okkar var 173.000.- eða tæplega 87.000.- á mann. Aðeins var greiddur matarkostnaður dagana sem við ferðuðumst eða vorum að funda en einhver matur var í boði FCI, enginn annar kostnaður fyrir félagið hlaust af þessu ferðalagi.

Alþjóðlega sýningin okkar helgina 7-8.sept gekk vel og enginn sérstök vandamál komu upp, við erum nú þegar byrjaðar á fullu að undirbúa næstu sýningu sem haldin verður 16-17.nóvember með fimm erlendum dómurum og einum íslenskum, augnskoðun verður jafnframt haldin sömu helgi með dýralækninum Finn Boserup frá Danmörku. Ennþá á eftir að leysa úr staðsetningu á sýningunni og þá í leiðinni augnskoðun, en verið er að skoða hvort við getum fengið að vera aftur í Klettagörðum og mun það skýrast nánar á næstu dögum.

HRFÍ þarf að vera með kynningarbás á norðurlandatorginu á Nordic Winner sýningunni í Finnlandi í desember. Mun ég fara og standa vaktina í básnum og hef óskað eftir að Auður Sif sem er að fara út sem farastjóri fyrir unga sýndur muni koma og leysa mig af í mat og slíkt. Ég hef fundið flug á góðu verði eða um 40.000 á mann fyrir okkur, en jafnframt munu fara út fjórir stigahæðstu ungir sýndur ásamt fararstjóra, Dýrheimar styrkja unga sýndur um 200.000. Farið verður á föstudegi og komið til baka á mánudegi.

Ný heimasíða félagsins var tekin í gagnið 20.september. Gamla síðan var barn síns tíma og með uppfærslum á Windows var orðið nánast ómögulegt að uppfæra nokkuð nema með tilheyrandi vandamálum og krókaleiðum. Enginn kostnaður hlaust af nýju síðunni, en Klara vann við uppsetninguna á milli verkefna á skrifstofu.

Álestur mynda frá Svíþjóð gengur gríðalega vel, Svíarnir gáfu sér 1-2 vikur í álestur en reyndin hefur verið að við höfum verið að fá niðurstöður daginn eftir að þær eru sendar frá dýralækni hér heima, en mesta bið hefur verið 5 dagar.

## 2. Aukafélagsfundur 11. september um málefni Ra ehf. og útgáfu Sáms

Fundargerð aukafélagsfundar

Á fundinum kom fram boð frá Viktoríu Jensdóttur um að hún og Líska Jóhanna Ævarsdóttir geti aðstoðað okkur. Þær eru tilbúnar að koma á stjórnarfund. Sjá <http://www.lean.is/um-okkur.html>

Fyrirspurnir frá félagsmönnum varðandi eingreiðslu.

Skil/staða á greiðslu eingreiðslu

Í dag kl.16.00 voru 323 félagsmenn búnir að greiða og staða reikningsins var 588.100.-

## 3. Breytingar á sýningareglum HRFÍ.

Neðangreindar breytingatillögur voru samþykktar í tölvupóstum milli stjórnarmanna 22. ágúst:

28. gr. hljóðaði svo:

Dómaranemi og dómarlærlingur mega hvorki skrá eða sýna hund á sýningunni þann dag sem þeir eru við nám í hring og ekki sýna hund undir dómara sem þeir læra hjá á sýningunni. Öðru starfsfólki í dómhring er ekki heimilt að skrá eða sýna hund hjá dómara sem þeir starfa með á sýningunni. Þessi regla á einnig við um úrslit. Þessir aðilar mega skrá og sýna undir öðrum dómurum sýningarinnar. Annað starfsfólk á dómsýningu má skrá og sýna hunda. Þó er því óheimilt að bera starfsmannamerki eða önnur auðkenni sem gefa til kynna að viðkomandi sé starfsmaður sýningar.

Tillaga að breytingu, sem var samþykkt:

28. grein

Dómaranemi og dómaralærlingur mega hvorki skrá né sýna hund á sýningunni hjá dómara sem þeir læra hjá á sýningunni. Öðru starfsfólki í dómhring er einnig óheimilt að skrá eða sýna hund hjá dómara sem það starfar með á sýningunni, nema hundur hafi lokið keppni þegar störf hefjast. Þetta á einnig við um úrslit. Þessir aðilar mega skrá og sýna hjá öðrum dómurum sýningar.

Annað starfsfólk á sýningu má skrá og sýna hunda. Þó er því óheimilt að bera starfsmannamerki eða önnur auðkenni sem gefa til kynna að viðkomandi sé starfsmaður sýningar.

53. grein hljóðaði svo:

Ræktunarhópur (valkvætt)

Ræktunarhópur samanstendur af þremur til fimm hundum af sömu tegund frá einum og sama ræktanda (með sama ræktunarnafn). Ef fleiri en einn eru skráðir ræktendur hópsins skal þess getið. Ef aðili er ræktandi og jafnframt meðræktandi að öðru goti, má ekki sýna þau afkvæmi saman í ræktunarhópi.

Aðeins má sýna einn ræktunarhóp af sömu tegund frá sama ræktanda á viðkomandi sýningu.

Hundarnir verða að vera af sama stærðarflokki og hafa sama feldlag og lit, þar sem það skiptir máli, og vera skráðir til þátttöku í öðrum flokkum sýningar, þó ekki í hvolpaflokkum. Hundarnir mega ekki hljóta 0 í einkunn eða Ekki hægt að dæma.

Hópurinn fær umsögn og einkunn sem ein heild. Til að unnt sé að veita ræktunarhópi Heiðursverðlaun er megin áhersla lögð á að hópurinn sé jafn að gerð, gæðum og útliti, og telst það tegundinni meira til framdráttar en sá árangur og einkunnagjöf, sem einn einstakur hundur í hópnum hefur hlotið.

Ræktandi skal gera eigendum hunda sem hann hefur valið að sýna í ræktunarhópi viðvart í tíma. Ræktandi skal tilkynna tímalega til hringstjóra hvaða hunda hann hefur valið.

Sýnanda/eiganda ber að sýna hund í ræktunarhópi, óski ræktandi þess.

Besti ræktunarhópur tegundar með Heiðursverðlaun keppir til úrslita um Besta ræktunarhóp sýningar (eða dagsins, ef sýningin stendur í tvo eða fleiri daga).

Tillaga að breytingu, sem var samþykkt:

### 53. grein

#### Ræktunarhópur (valkvætt)

Í ræktunarhópi eru þrjú til fimm hundar af sömu tegund frá sama ræktanda/sömu meðræktendum. Ef hundarnir eru með ræktunarnafn, skulu þeir allir bera sama ræktunarnafn. Ef aðili er ræktandi og jafnframt meðræktandi að öðru goti (ekki sama ræktunarnafn), má ekki sýna þau afkvæmi saman í ræktunarhópi.

Aðeins má sýna einn ræktunarhóp af sömu tegund frá sama ræktanda/sömu meðræktendum (með sama ræktunarnafn) á viðkomandi sýningu.

Hundarnir verða að í sama stærðarflokki (t.d. schnauzer og poodle) og hafa sömu feldgerð og lit, þar sem það á við (t.d. griffon, vorsteh, weimaraner, chihuahua, schnauzer, poodle og collie). Hundar í ræktunarhópi geta verið úr öllum flokkum nema hvolpaflokkum og mega ekki hljóta 0 í einkunn eða ekki hægt að dæma.

Hópurinn fær umsögn og einkunn sem ein heild. Megin áhersla er lögð á að hópurinn sé jafn að gerð, gæðum og útliti, og telst það hópnum meira til framdráttar en árangur og einkunnagjöf, sem einstakur hundur í hópnum hefur hlotið.

Ræktandi skal gera eigendum hunda sem hann hefur valið að sýna í ræktunarhópi viðvart í tíma. Ræktandi skal tilkynna tímalega til hringstjóra hvaða hunda hann hefur valið, skrá númer hundanna á umsagnarblaði og undirrita það.

Sýnanda/eiganda ber að sýna hund í ræktunarhópi, óski ræktandi þess.

Besti ræktunarhópur tegundar með heiðursverðlaun keppir til úrslita um besta ræktunarhóp sýningar (eða dagsins, ef sýningin stendur í tvo eða fleiri daga).

Stjórn samþykkir undanþágu gegn því að hundarnir standist þær heilbrigðiskröfur sem gerðar eru á tegundina.

#### 5. Erindi frá Unni Hagalín – tölvupóstur 2. September Fylgiskj. A-2643

#### 6. Laugavegsganga

Um 140 manns með annan eins fjölda af hundum mætti í Laugavegsgöngu HRFI sem haldin var laugardaginn 5. október sl í frábæru veðri. Rauðakrosshundar ásamt björgunarsveitahundum voru þar fremstir í flokki, en vegna lúðrasveitsmóts sama dag vorum við ekki með lúðrasveit að þessu sinni, aðeins trommara sem sló taktinn. Ágúst Ágústson ásamt Ragnari Sigurjónsson voru göngustjórar og stóðu sig vel að vanda. Ekki gekk að þessu sinni að fá íþróttadeild til að vera með kynningu á Hundafimi í Hljómsskálagarðinum eins og oft áður.

#### 7. Þjónustu- og afrekshundur Fylgiskj. A-2644

#### 8. Erindi frá sýningastjórn – tölvupóstur 4. Október

Ákveðið var að í tilefni af 45.ára afmæli HRFI á næsta ári að vera með eina extra veglega tvöfalda sýningu á starfsárinu. Okkur fannst tilvalið að nota til þess Reykjavík Winner sýningu félagsins í júní og höfum við sótt um leyfi til FCI og fengið það samþykkt að annan daginn megi gefa CACIB, verður þetta því auka CACIB sýning og verða þær því fjórar í heildina 2014. Hugmyndin er að hluti sýningarinnar verði úti, en höfum við samið við Víðidalinn um leigu á höllinni og komu þeir vel á móts við okkur í verðlagningu, stefnt verður á 4 hringi inni og 6 hringi úti hvorn dag og ef veður verður einstaklega vont má alltaf hafa allt að 8 hringi inni og þá 2 hringi úti.

Eins óskar sýningastjórn eftir að stjórn útskrifi eftirtalda hringstjóra sem lokið hafa hringstjóranámi: Þórdís Björg Björgvinsdóttir, Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir og Guðrún Margrét Baldursdóttir.

Samþykkt.

#### 9. Sólheimakot. Fylgiskj. A-2645a A-2645b

Niðurstaða var næsta skref væri að funda með Sólheimakotsnefnd, verða þau boðuð á fund miðvikudaginn 16. okt kl. 19.00.

#### 10. Önnur mál

Stjórn er öll samhuga um að einhverskonar vinnureglur verði settar um kostnað vegna ferðalaga erlendis og hafa falið framkvæmdastjóra að vinna að tillögum þess efnis.

Fundi slitið kl.18.40